

Aðalstjórnarfundur UMFT

23. mars 2009.

Mættir: Gunnar, Magnús, Elínborg, Jón Daníel og Kristjana fyrir aðalstjórn og fyrir deildirnar mættu Róbert Óttarsson, Jón Ingi Sigurðsson, Þorsteinn Broddason og Sigurður Bjarni Rafnsson.

Dagskrá:

Samvinna og Sumartím

Aðkoma að unglíngalandsmóti UMFI

Tækifæri hjá Vinnumálastofnun - atvinnuleysistr.sjóður

Önnur mál

1. Gunnar Þór formaður sagði frá því að búið væri að halda einn fund með félaginu vegna undirbúnings fyrir Sumartím 2009. Hvatti hann deildirnar til að huga vel að samvinnu við skipulagið á Sumartím með það að markmiði að minnka árekstra í tímatöflu þannig að það auðveldi börnunum að stunda fleiri íþróttagreinar.
2. Gunnar Þór sagði frá undirbúningi unglíngalandsmóts UMFI og möguleikum á þátttöku UMFT í vinnu við mótið. Þáttökugjaldið verður kr. 6.500 pr. þátttakanda. UMSS hefur samþykkt að sambandið niðurgreiði kr. 3.000 fyrir hvern þátttakanda úr Skagafirði. Aðalstjórn Tindastóls mun kanna með hvaða hætti félagið getur komið að frekari niðurgreiðslu á þáttökugjaldinu.
3. Aðalstjórn UMFT hefur hug á að ráða starfsmann sem gæti aðstoðað deildirnar við undirbúning að því að gera Tindastól að fyrirmyndarfélagi ÍSÍ. Hugmyndin er að þetta verði gert með styrk úr atvinnuleysistryggingarsjóði. Formenn deilda tóku jákvætt í þessa hugmynd og óskuðu eftir að þetta yrði sett í gang fljótlega.
4. Gunnar Þór formaður sagði frá því að búið væri að greiða fyrstu greiðslu styrksins frá Sparisjóði Skagafjarðar og að honum yrði dreift til deildanna á næstu dögum. Gunnar kynnti einnig bréf frá UMSS varðandi styrk frá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Gunnar sagði frá erindi frá Hjartaheill varðandi sölu á styrktarmerki sem fjáröflun ef einhver vildi taka það að sér.

Elínborg gjaldkeri óskaði eftir skoðunum formannanna til búningakaupa. Ekki bar árangur að kalla saman hópinn sem tilnefndur var á síðasta ári vegna þessa verkefnis. Óskaði hún eftir þátttöku deildanna í þessari vinnu.

Róbert formaður knattspyrnudeildarinnar ræddi lítillega þjálfaramál meistaraflokks karla.

Sigurður Bjarni formaður skíðadeildarinnar bar fram fyrirspurn um fjáraflanir á vegum félagsins og skipulag þeirra. lét hann vita af því að skíðadeildin ætli að fara að selja "tattú" - myndir með merki Tindastóls. Upp úr þessu spunnust umræður um það hvort einhver deild gæti eignað sér tiltekna fjáröflun eða ekki. Kom fram sú tillaga að til þyrfti

að vera listi þar sem tekið væri saman hvaða fjáraflanir hver deild væri að sinna. Aðalstjórn óskar því eftir því við formenn deilda að deildirnar skili inn til aðalstjórnar lista yfir þau fjáröflunarverkefni sem þær eru að sinna.

Fleira ekki gert

Kristjana Jónsdóttir, ritari.